

Mál nr. 24/2015**M****og****X f.h. erlends váttryggingafélags Y v/ lífeyristryggingar.****Aðild erlends váttryggingafélags að samningi um úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.****Frávísun.****Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 14.1.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X dags. 2.2.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að málskotsaðili (hér eftir nefndur M) hafi gert samning við X um viðbótarlífeyrissparnað í samræmi við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og inngreiddum iðgjöldum mun hafa verið ráðstafað til greiðslu á lífeyristryggingu hjá þýska váttryggingafélaginu Y.

Með umsókn, dags. 30.6.2014, óskaði M „eftir að fá greitt út **allt** endurkaupsvirði sem laust er til útborgunar úr samningi mínum að hámarki ISK 9.000.000.- í samræmi við lög.“ Ágreiningur virðist vera á milli M og um fjárhæð þeirrar greiðslu sem koma skal til útborgunar. Þeim ágreiningi hefur M skotið til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Hvorki X né Y eiga aðild að nefndinni og telja að vísa beri málinu frá.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, starfar nefndin samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins (nú fjármála- og efnahagsráðuneytisins), Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga (nú Samtaka fjármálafyrirtækja). Hvorki X né Y eiga aðild að þessu samkomulagi og hafa ekki fallist á að málið verði tekið fyrir af nefndinni. Þegar af þeirri ástæðu heyrir málið ekki undir nefndina og ber að vísa því frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 17. febrúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.